

| Skeiða- og Gnúpverjahreppur | |
|---|------------------|
| Bnr. 0-0 | K/S 211-17 |
| Ábm.  | Svfr. |
| Afgr.  | () Bréf () St. |
| Lym. | 1118 |

Fundargerð


Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árnesþings


24. fundur Skólaþjónustu- og velferðarnefndar var haldinn á bæjarskrifstofunni í Hveragerði þriðjudaginn 24. október kl 17.00. Mættir voru: Bryndís Böðvarsdóttir, Þórhallur Einisson, Bjarney Vignisdóttir, Eyrún Hafþórsdóttir, Ásmundur Lárusson, Björn Pálmarsson og María Kristjánsdóttir forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

Unnur Þormóðsdóttir, Sigurbára Rúnarsdóttir og Hörður Óli Guðmundsson boðuðu forföll.


1. Lögð fram drög að endurnýjuðum reglum Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings um fjárhagsaðstoð. Nefndin samþykkir reglurnar og vísar þeim til afgreiðslu bæjar- og sveitarstjórna.
2. Lagt fram til kynningar staða helstu málaflokka janúar- september 2017.
3. Lögð fram tillaga að gjaldskrá fyrir árið 2018. Nefndin samþykkir tillöguna og vísar til afgreiðslu bæjar- og sveitarstjórna.
4. Lagt fram til kynningar fjárhagsáætlun Skóla- og velferðarþjónustu bs. árið 2018.


Fundi slitið kl 18.15



Bryndís Böðvarsdóttir, formaður



Þórhallur Einisson


Bjarney Vignisdóttir


Björn Pálmarsson


Ásmundur Lárusson


Eyrún Hafþórsdóttir


María Kristjánsdóttir

Reglur Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings um fjárhagsaðstoð
Sbr. 21. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga

1. kafli
Almenn atriði

1. gr.

Inntak fjárhagsaðstoðar

Skylt er að veita fjárhagsaðstoð til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar, sbr. IV. og VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum, og sbr. III. kafla reglna þessara.

Fjárhagsaðstoð er eingöngu ætluð til framfærslu en ekki til fjárfestinga eða greiðslu skulda. Heimilt er að veita einstaklingum og fjölskyldum aðstoð vegna sérstakra aðstæðna, sbr. IV. kafla reglna þessara.

Gefa skal sérstakan gaum að fjárhagslegum og félagslegum aðstæðum barnafjölskyldna og meta sérstaklega þarfir barna vegna þátttöku þeirra í þroskavænlegu félagsstarfi, í samræmi við 30. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, sbr. 16. og 17. gr. reglna þessara.

Jafnan skal kanna til þrautar rétt umsækjanda til annarra greiðslna, þar með talið frá almannatryggingum, atvinnuleysistryggingum, lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélaga, einnig skal kanna rétt til aðstoðar samkvæmt lögum um námsstyrki.

Fjárhagsaðstoð skal veitt í eðlilegum tengslum við önnur úrræði skóla- og velferðarþjónustu, svo sem ráðgjöf og leiðbeiningar, í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

2. gr.

Framfærsluskylda

Hverjum manni er skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára. Sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón hefur skv. reglum þessum einnig fólk í staðfestri samvist og óvígðri sambúð. Umsækjendum um fjárhagsaðstoð er skylt að leita sér að atvinnu og taka vinnu sem býðst nema því aðeins að veikindi, örorka, hár aldur eða aðrar gildar ástæður hamli því. Fjárhagsaðstoð skal veitt fólki í tímabundnum erfiðleikum og er hugsuð sem aðstoð við einstaklinga og fjölskyldur til að mæta grunnþörfum þeirra og styrkja þá til sjálfshjálpar.

3. gr.

Lækkun grunnfjárhæðar

Hafi umsækjandi hafnað atvinnu og/eða námskeiðstilboði hjá Vinnumálastofnun, starfsleiðaráætlun eða sagt starfi sínu lausu án viðhlítandi skýringar eða eigi sjálfur

sök á uppsögn, skal greiða hálfu grunnupphæð til framfærslu eins og er tilgreind í III. kafla reglna þessara þann mánuð sem hann hafnar vinnu, svo og mánuðinn þar á eftir. Sama á við um atvinnulausan umsækjanda sem ekki framvísar vottorði eða greiðsluseðli frá Vinnumálastofnun án viðhlítandi skýringar. Einnig skal greiða hálfu grunnupphæð til framfærslu til umsækjanda sem hætt hefur þátttöku í átaksverkefni, endurhæfingu og/eða einstaklingsmiðaðri áætlun hjá ráðgjafa velferðaðjónustu nema veigamiklar ástæður, sem fram koma við mat á aðstæðum umsækjanda, mæli gegn því.

4. gr.

Réttur fylgir lögheimili

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram í lögheimilissveitarfélagi. Lögheimili manns er sá staður sem hann hefur fasta búsetu. Maður telst hafa fasta búsetu á þeim stað sem hann hefur bækistöð sína, dvelst að jafnaði í tómsundum sínum, hefur heimilismuni sína og svefnstaður hans er þegar hann er ekki fjarverandi um stundarsakir vegna orlofs, vinnuferða, veikinda eða annarra hliðstæðra atvika, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga um lögheimili nr. 21/1990. Þurfi fólk á skyndilegri aðstoð að halda í dvalarsveitarfélagi er skylt að veita tímabundna aðstoð. Skal um það haft samráð við lögheimilissveitarfélag og aðstoð metin og veitt í samræmi við reglur þessar. Lögheimilissveitarfélag endurgreiðir dvalarsveitarfélagi kostnaðinn, sbr. 14. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

5. gr.

Form fjárhagsaðstoðar

Fjárhagsaðstoð skal að jafnaði veitt sem styrkur. Fjárhagsaðstoð er einungis veitt sem lán óski umsækjandi þess eða könnun á aðstæðum leiðir í ljós að eðlilegt sé að gera kröfur um endurgreiðslur með tilliti til eigna og framtíðartekna, sbr. 25. gr. og 27. gr. þessara reglna og sbr. 22. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Lán eru vaxtalaus. Einstaklingar sem bíða eftir endurhæfingarlífeyri, örorkumati frá Tryggingastofnun ríkisins og atvinnuleysisbótum, geta sótt um fjárhagsaðstoð í formi láns. Þegar viðkomandi umsækjandi hefur fengið bætur greiddar aftur í tímann frá Tryggingastofnun ríkisins og/eða Vinnumálastofnun ber honum að endurgreiða lánið með eingreiðslu til baka. Ef aðstæður breytast er þó hægt að semja um annað fyrirkomulag.

6. gr.

Tímabil samþykkis hverju sinni

Fjárhagsaðstoð skal að öllu jöfnu vera greidd einn mánuð í senn og skulu ákvarðanir um aðstoð að jafnaði ekki ná yfir lengra tímabil en þrjú mánuði. Aðstæður þeirra sem hafa fengið fjárhagsaðstoð í 3 mánuði samfelld skulu kannaðar sérstaklega og félagslegri ráðgjöf beitt ásamt öðrum viðeigandi úrræðum.

Í undantekningartilvikum er heimilt að veita fjárhagsaðstoð vikulega vegna sérstakra aðstæðna.

7. gr.

Fjárhagsaðstoð aftur í tímann

Fjárhagsaðstoð er aldrei skylt að veita lengra aftur í tímann en fjóra mánuði frá því umsókn er lögð fram, sbr. 3. mgr. 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Rökstuddar ástæður þurfa að liggja að baki ef aðstoð er veitt aftur í tímann og verður skilyrðum reglna þessara fyrir fjárhagsaðstoð að vera fullnægt allt það tímabil sem sótt er um.

II. kafli

Umsókn um fjárhagsaðstoð

8. gr.

Umsókn og fylgigögn

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram hjá starfsstöðvum Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings. Starfsstöðvar eru þrjár: Bæjarskrifstofan Hveragerði, Ráðhúsið í Ölfusi og Heilsugæslan Laugarási. Í neyðartilfellum er heimilt að leggja umsókn fram í dvalarsveitarfélagi, sbr. 4. gr.

Umsókn skal undirrituð á sérstök umsóknareyðublöð, þar sem fram koma upplýsingar um umsækjanda, þar með talið lögheimili, fjölskyldugerð, nafn maka og barna á framfæri. Umsókn skal fylgja skattframtal síðasta árs, yfirlit yfir allar tekjur og aðrar greiðslur til umsækjanda og maka hans þann mánuð sem umsókn er lögð fram og síðustu tvo mánuði á undan, þar með taldar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóðum, Atvinnuleysistryggingarsjóði, sjúkrasjóðum stéttarfélaga, bönkum, sparissjóðum, lánastofnunum eða öðrum aðilum, barnabætur, mæðra- og feðralaun.

Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um aðstoð fyrir sína hönd.

Umsækjandi ber að leggja fram dvalarleyfi í þeim tilfellum sem það á við.

Þegar umsækjandi er atvinnulaus skal hann framvísa vottorði frá Vinnumálastofnun er staðfestir atvinnuleysi hans. Njóti umsækjandi réttar til atvinnuleysisbóta skal hann framvísa greiðsluyfirliti. Hafi umsækjandi ekki fengið atvinnuleysisbætur vegna veikinda skal hann framvísa læknisvottorði. Hafi hann ekki skráð sig hjá vinnumiðlun, án viðhlítandi skýringa, missir hann hlutfallslegan rétt til fjárhagsaðstoðar það tímabil.

Einstaklingar sem afplána dóma eiga ekki rétt á fjárhagsaðstoð.

9. gr.

Upplýsingar um tekjur og fjárhag umsækjanda

Starfsmaður Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings getur, ef þörf krefur, aflað frekari upplýsinga um tekjur og eignir umsækjanda, m.a. hjá skattayfirvöldum, atvinnurekendum, Tryggingastofnun ríkisins, Vinnumálastofnun, Útlendingastofnun, innlendum og erlendum lífeyrissjóðum og nemendaskrá skóla þar sem boðið er upp á láns hæft nám. Skal það gert í samráði við umsækjanda.

Afgreiðsla umsókna stöðvast ef umsækjandi neitar að veita upplýsingar um fjárhag sinn og/eða maka síns eða aðrar upplýsingar sbr. 2. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 9. gr. reglnanna.

Skylt er að veita starfsmanni upplýsingar úr skattframtölum þeirra sem leita fjárhagsaðstoðar. Sama gildir um upplýsingar úr skattframtölum lögskylds framfæranda, enda hafi umsækjandi veitt starfsmanni umboð til að afla þessara upplýsinga, sbr. 24. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

III. kafli

Réttur til fjárhagsaðstoðar

Mat á fjárförf og útreikningur fjárhagsaðstoðar

10. gr.

Mat á fjárförf

Við ákvörðum á fjárhagsaðstoð skal grunnfjárförf til framfærslu, sbr. 11. gr., lögð til grundvallar og frá henni dregnar heildartekjur, sbr. 12. gr.

Tekið skal tillit til sérstakra aðstæðna eftir því sem við á, sbr. reglur þessar.

11. gr.

Upphæðir fjárhagsaðstoðar

Framfærslugrunnur tekur mið af útgjöldum vegna daglegs heimilishalds og miðast við grunnfjárhæð kr. 150.000.-. Upphæðir fjárhagsaðstoðar eru eftirfarandi:

Framfærslugrunnur einstaklinga 18 ára og eldri sem sannanlega reka eigið heimili er 1,0 eða kr. 150.000.-. Með rekstri eigin heimilis er átt við þær aðstæður þegar viðkomandi býr í eigin húsnæði eða leigir húsnæði og leggur fram þinglýstan húsaleigusamning því til staðfestingar.

Framfærslugrunnur einstaklinga 18 ára og eldri sem búa með öðrum, leigja húsnæði án þinglýsts leigusamnings, eða hafa ekki aðgang að húsnæði er 0,8 eða kr. 120.000

Framfærslugrunnur einstaklinga sem búa hjá foreldrum, eiga við félagslega erfiðleika að etja, eru inniliggjandi á sjúkrastofnun eða í áfengis- og vímuefnaeðferð er 0,45 eða kr. 67.500. Hafi umsækjandi samkvæmt ofangreindum lið forsjá barns, skal hann reiknast út frá framfærslugrunni 0,8 af grunnfjárhæð.

Framfærslugrunnur hjóna og fólks í sambúð er 1,6 eða kr. 240.000

Gert er ráð fyrir að húsnæðiskostnaði sé mætt með greiðslu vaxtabóta og húsaleigubóta en einnig er gert ráð fyrir honum í grunnfjárhæð.

Mat á fjárhagsaðstoð er óháð því hvort barn eða börn búa á heimilinu að undanskyldum fjórða lið þessar greinar. Jafnframt er veitt undantekning þegar umsækjandi hefur skertar barnabætur í kjölfar skilnaðar/sambúðarslita og skal þá tekið tillit til skerðingarinnar við mat á fjárförf.

Fjárhæðir eru endurskoðaðar af Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshings árlega í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar.

12. gr.

Tekjur og eignir umsækjanda

Allar tekjur einstaklings/maka, í þeim mánuði sem sótt er um og mánuðinn á undan, aðrar en greiðslur vegna barna og húsaleigubætur/vaxtabætur, koma til frádráttar við ákvörðun um upphæð fjárhagsaðstoðar. Mæðra- og feðralaun reiknast umsækjanda til tekna. Með tekjum er hér átt við allar tekjur einstaklings/maka sem ekki eru sérstaklega til framfærslu barna, þ.e. atvinnutekjur, allar skattskyldar tekjur TR, greiðslur úr lífeyrissjóðum, atvinnuleysisbætur, leigutekjur o.s.frv. Eigi umsækjandi rétt á atvinnuleysisbótum, skal reikna atvinnuleysisbætur honum til tekna, hvort sem hann hefur skráð sig eða ekki, nema framvísað sé læknisvottorði. Miða skal við heildartekjur áður en tekjuskattur hefur verið dreginn frá.

Við afgreiðslu fjárhagsaðstoðar er gert ráð fyrir að kostnaður vegna barna greiðist af barnabótum, og meðlögum ef við á. Húsnæðisstuðningur og vaxtabætur eru ekki taldar til tekna. Gert er ráð fyrir að húsnæðiskostnaði verði fyrst og fremst mætt með greiðslum vaxtabóta og húsnæðisstuðnings, en einnig er gert ráð fyrir honum í grunnfjárhæð.

Eigi umsækjandi, maki hans eða sambýlingur, eignir umfram íbúðarhúsnæði sem umsækjandi eða fjölskylda hans býr í og eina fjölskyldubifreið, eða hafi hann nýlega selt eignir sínar, skal honum vísað á lánaþyrirgreiðslu banka og sparisjóða, þó að tekjur hans séu lægri en grunnfjárhæð.

13. gr.

Greiðslur meðlags

Þegar tekjur umsækjanda eru við eða lægri en grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar skal taka tillit til meðlagsgreiðslna með barni eða börnum sem umsækjandi hefur greitt með reglulega fram að þeim tíma að hann fær fjárhagsaðstoð. Hækkar fjárhagsaðstoðin sem nemur einu meðlagi eins og það er á hverjum tíma samkvæmt ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins. Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi staðið í skilum með meðlag a.m.k. undanfarna þrjá mánuði. Átt er við meðlagsgreiðslur hverju sinni, en ekki uppsafnaðar meðlagsskuldir.

14. gr.

Atvinnurekendur, sjálfstætt starfandi einstaklingar og fólk í hlutastörfum

Atvinnurekendur, sjálfstætt starfandi einstaklingar sem hafa/hefur lægri tekjur en sem nema grunnfjárhæð, eiga rétt á fjárhagsaðstoð að því tilskildu að viðkomandi hafi stöðvað atvinnurekstur sinn og leitað réttar síns til atvinnuleysisbóta í samræmi við ákvæði laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006, sbr. 4. mgr. 1. gr. reglna þessara.

Starfsmönnum er heimilt að skerða grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til sjálfstætt starfandi atvinnurekenda sbr. 3. gr. reglna þessara, í þeim tilvikum að viðkomandi hafi vanrækt að tryggja sig sem leiðir til þess að viðkomandi á ekki rétt á atvinnuleysisbótum. Skerðingin nær til þess mánaðar sem einstaklingur sækir um og mánaðarins þar á eftir. Starfsmaður skal brýna fyrir umsækjendum mikilvægi þess að tryggja sig fyrir atvinnuleysi með greiðslum í tryggingasjóð. Þá er starfsmönnum heimilt að synja sjálfstæðum atvinnurekendum um fjárhagsaðstoð í þeim tilvikum að viðkomandi hafi ítrekað vanrækt að tryggja sig á þennan hátt.

Sé umsækjandi í hlutastarfi með tekjur undir grunnfjárhæð skal gerð krafa um að viðkomandi skrái sig hjá vinnumiðlun og leiti að fullu starfi.

15. gr.

Mat á tekjum bænda.

Stundi umsækjandi búrekstur skal mat á tekjum byggt á skattframtali síðasta árs vegna umsókna sem berast fyrir 1. júlí en með umsóknum sem berast síðar skal einnig fylgja rekstrar- og efnahagsyfirlit uppfært til 30. júní sl. Þá liggja einnig fyrir greiðslumark búsins, breytingar á bústofni, yfirlit yfir eignir og skuldir aðrar en þær er tengjast viðkomandi rekstri, auk tekna utan bús undanfarna tvo mánuði. Fjárþörf skal miða við grunnfjárhæð sbr. 11. gr. reglna þessara.

16. gr.

Námsmenn

Einstaklingar sem stunda nám sem er lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna, njóta ekki réttar til fjárhagsaðstoðar. Aðrir námsmenn eiga ekki rétt til fjárhagsaðstoðar til framfærslu nema fullnægt sé skilyrðum 18. gr. um námsstyrki.

IV. kafli

Heimildir vegna sérstakra aðstæðna

17. gr.

Aðstoð til foreldra vegna barna á þeirra framfæri

- a. Heimilt er að veita sérstaka fjárhagsaðstoð til foreldra í þeim mánuði sem þeir fá greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum. Um er að ræða börn sem eiga lögheimili hjá viðkomandi foreldri. Um er að ræða aðstoð til að greiða áfallandi greiðslur fyrir daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíðir, frístundaheimili, sumardvöl og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tómstundastarfi. Ætíð skal vera um tímabundna aðstoð að ræða sem sætir endurskoðun á þriggja mánaða fresti. Viðmiðunarmörk aðstoðar með hverju barni eru að hámarki 12.000 kr. á mánuði. Skilyrði fyrir aðstoð samkvæmt þessu lið er að umsækjandi nýti sér fyrst rétt sinn samkvæmt frístundastyrkjum sveitarfélagsins. Leitast ber við að kanna aðstæður beggja foreldra þegar mat er lagt á umsókn um aðstoð vegna barna.
- b. Í þeim tilvikum þar sem um er að ræða sérstök meðferðar- og/eða stuðningssjónarmið eða fyrirbyggjandi starf á sviði barnaverndar, er heimilt að veita foreldrum styrk vegna áfallandi greiðslna sem nema heildarkostnaði eða hluta hans vegna daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíða, frístundaheimilis, sumardvalar, skólagjalda og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tómstundastarfi. Ætíð skal liggja fyrir áætlun um meðferð máls skv. 23. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 eða samkomulag um félagslega ráðgjöf. Skilyrði fyrir aðstoð samkvæmt þessum lið er að umsækjandi nýti sér fyrst rétt sinn samkvæmt frístundastyrkjum sveitarfélagsins.
- c. Heimilt er að veita tekjulágum foreldrum fjárstyrk vegna náms 16 og 17 ára barna þeirra. Hér er átt við tekjulága foreldra sem átt hafa í langvarandi félagslegum erfiðleikum. Skal styrkurinn miða að því að greiða áætlaðan bókakostnað og skólagjöld þó að hámarki kr. 30.000 á önn. Leitast ber við að

kanna aðstæður beggja foreldra þegar mat er lagt á umsókn um aðstoð vegna barna.

18. gr.

Námsstyrkir

Námsstyrki er heimilt að veita ef það er liður í umfangsmeiri félagslegri aðstoð og/eða umsækjandi hefur verið með fjárhagsaðstoð í þrjá mánuði eða lengur og það er mat starfsmanna að nám sé liður í stuðningi og því að efla einstaklinginn til sjálfshjálpar. Aðstoðin miðast við fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt 11. gr. reglna þessara ásamt almennum skólagjöldum, innritunarkostnaði og bókakostnaði.

Heimilt er að veita styrk til virkniúrræðis ef það er liður í umfangsmeiri félagslegri aðstoð og umsækjandi hefur verið með fjárhagsaðstoð í þrjá mánuði eða lengur og það er mat ráðgjafa félagsþjónustu að úrræðið sé liður í að aðstoða einstaklinginn til að komast úr þeim aðstæðum sem hann er í. Virkniúrræðið þarf að vera til þess fallið að efla einstaklinginn til áframhaldandi uppbyggingar og aðstoða hann við að komast af fjárhagsaðstoð. Horft er á námskeið sem t.d. á vegum Vinnumálastofnunar, Virk, starfsendurhæfingar Birtu og og grunnenntunarskóla Fræðslunets Suðurlands. Hámarks aðstoð er kr. 50.000 á ári.

Heimilt er að veita þeim sem stunda námskeið, og/eða endurhæfingu fjarri heimabyggð bensínstyrk að upphæð kr. 31,34 á hvern ekinn kílómetra. Tekur bensínstyrkur mið að gjaldskrá Sjúkratryggingar Íslands um ferðastyrki.

Starfsmaður og námsmaður skulu gera með sér samkomulag um félagslega ráðgjöf þar sem fram kemur m.a. hvernig skuli staðið að skilum varðandi skólasókn, námsframvindu og/eða einkunnir. Einkunnum skal þó ætíð skilað í annarlok.

Ákvarðanir um námskostnað skulu teknar fyrir hverja önn og er heimilt að halda námsaðstoð áfram með hliðsjón af námsframvindu.

Meðlag sem umsækjandi kann að fá, reiknist honum til tekna.

19. gr.

Greiðsla sérfræðiaðstoðar

Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð til greiðslu nauðsynlegra tannlækninga til einstaklinga sem hafa notið fjárhagsaðstoðar til framfærslu samfleytt undanfarna 12 mánuði. Hámark aðstoðar skal vera 55.000 kr. á ári.

Kostnaðaráætlun tannlækni skal fylgja með umsókn.

Greiðsla fjárhagsaðstoðarinnar fer fram að meðferð lokinni gegn framvísun reiknings

Heimilt er að veita einstaklingum sem hafa notið fjárhagsaðstoðar til framfærslu samfleytt undanfarna 6 mánuði fjárhagsaðstoð til greiðslu viðtala hjá félagsráðgjöfum, sálfræðingum og geðlæknum, ef það er liður í umfangsmeiri félagslegri aðstoð og fyrirsjáanlegt er að þjónustan verði ekki veitt af starfsmanni velferðarþjónustu eða á vegum heilbrigðisstofnana.

- a. einstaklingum sem búa við mikla og langvarandi félagslega erfiðleika,

- b. einstaklingum eða fjölskyldum sem hafa orðið fyrir alvarlegum áföllum, svo sem skyndilegum ástvinamissi eða alvarlegu ofbeldi.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru 100.000 kr. á ári og er greitt beint til viðkomandi sérfræðings gegn framvísun reiknings eða til umsækjanda gegn framvísun greiðslukvittunar.

20. gr.

Afallaaðstoð

Heimilt er að veita tekjulágum einstaklingum eða fjölskyldum með tekjur undir grunnfjárhæð eða á mörkum hennar, fjárhagsaðstoð vegna skyndilegs missis búslóðar, vegna eignamissis sem orðið hefur vegna bruna eða náttúruhamfara eða ef rýma þarf íbúð af heilbrigðisástæðum. Aðstoðin kemur einungis til álita þegar tjónþoli hefur ekki haft heimilstryggingu eða aðra tryggingu sem bætir tjónið.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru 100.000 kr.

Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá samþykkisdegi.

21 gr.

Útfararstyrkir

Heimilt er að veita aðstoð til greiðslu útfararkostnaðar þegar staðreynt hefur verið að dánarbúið getur ekki staðið undir útför hins látna. Viðmiðunarmörk eru 160.000 kr.

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn um útfararstyrk: Staðfest ljósrit af skattframtali hins látna, launaseðlar og greiðslufirlit frá tryggingum og lífeyrissjóðum, staðfesting frá stéttarfélagi um rétt til útfararstyrks, tilkynning sýslumanns um skiptalok, á grundvelli eignayfirlýsinga sbr. 25. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991, eða einkaskiptaleyfi útgefið af sýslumanni til erfingja skv. 31. gr., sbr. 28. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl.

Heimilt er að veita tekjulágum eftirlifandi maka lán eða styrk vegna útfararkostnaðar þegar dánarbúið getur ekki greitt fyrir útför hins látna og eignir eftirlifandi maka eru ekki aðrar en íbúðarhúsnæði sem umsækjandi býr í.

Heimilt er að veita foreldri eða foreldrum sem hafa tekjur á eða undir grunnfjárhæð fjárhagsaðstoð vegna útfararkostnaðar barns.

Samþykkt aðstoð greiðist gegn framvísun reiknings frá útfararstofu og annarra gagna um kostnað vegna útfarar.

22. gr.

Styrkur eða lán til fyrirframgreiðslu húsaleigu og til tryggingar húsaleigu.

Heimilt er að veita þeim sem hafa haft tekjur sem eru þær sömu eða lægri en grunnfjárhæð í mánuðinum sem sótt er um og í mánuðinum á undan lán eða styrk til fyrirframgreiðslu húsaleigu. Jafnframt er heimilt að veita einstaklingum sem átt hafa í margháttuðum húsnæðiserfiðleikum og miklum félagslegum erfiðleikum lán eða styrk til fyrirframgreiðslu húsaleigu. Hámarksgræiðslur skulu nema þriggja mánaða húsaleigu og skal miðað við að leigufjárhæð sé í samræmi við leigu á almennum markaði.

Þinglýstur húsaleigusamningur skal liggja fyrir eða önnur staðfesting um að samningur eigi við rök að styðjast. Aðstoð á grundvelli þessarar greinar er að hámarki veitt einu sinni á ári.

Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá samþykkisdegi.

23 gr.

Styrkur vegna húsbúnaðar

Fjárhagsaðstoð til kaupa á húsbúnaði er heimil í eftirfarandi tilvikum:

- a. til einstaklings, sem er með tekjur þær sömu eða undir grunnfjárhæð, er eignalaus og er að stofna heimili eftir a.m.k. tveggja ára dvöl á stofnun. Hámarksupphæð er kr. 100.000
- b. til ungra foreldra á aldrinum 18-24 ára sem er eignalaust, með tekjur þær sömu eða undir grunnfjárhæð, hefur átt í miklum félagslegum erfiðleikum og er að stofna heimili í fyrsta sinn. Hámarksupphæð er kr. 100.000
- c. til einstaklings sem er að hefja sjálfstæða búsetu skv. lögum um málefni fatlaðra. Hámarksupphæð er kr. 80.000.

Húsbúnaðarstyrkur greiðist aðeins í eitt skipti.

24 gr.

Aðstoð vegna sérstakra erfiðleika

Heimilt er að veita einstaklingum, hjónum eða sambúðarfólki lán eða styrk vegna mikilla fjárhagslegra og félagslegra erfiðleika, að uppfylltum neðangreindum skilyrðum:

- a. umsækjandi hafi fengið fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum undanfarna sex mánuði eða lengur.
- b. Staðfest sé að umsækjandi hafi ekki aðgang að lánaþyrngreiðslu banka, sparisjóða eða annarra lánastofnanna.
- c. fyrir liggi yfirlit starfsmanns eða Umboðsmanns skuldara um fjárhagsstöðu umsækjanda og tillögum að úrbótum þegar við á.
- d. fyrir liggi á hvern hátt lán eða styrkur muni breyta skuldastöðu umsækjanda til hins betra þegar til lengri tíma er litið.
- e. fyrir liggi samkomulag um félagslega ráðgjöf og/eða fjármálaráðgjöf þegar það á við.

Þegar um lán er að ræða skal greiðsluáætlun fylgja með umsókn.

Eigi er heimilt að veita styrk eða lán til greiðslu skulda við banka, sparisjóði og aðrar lánastofnanir, s.s. greiðslukortafyrirtæki. Þá er hvorki heimilt að veita styrk eða lán til greiðslu skattaskulda og sekta, né heldur til greiðslu skulda við einkaaðila.

24. gr.

Sérstök fjárhagsaðstoð í desember

Veita skal þeim sem hafa fengið fulla fjárhagsaðstoð undangengna þrjá mánuði samfellt, sérstaka desemberuppbót sem nemur 25% af grunnfjárhæð.

Þeir sem hafa haft til framfærslu samsvarandi upphæð fyrir sama tímabil eiga einnig rétt á uppbótinni.

25. gr.

Um fjárhagsaðstoð sem veitt er í formi láns

Skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð í formi láns er að fyrir liggi mat á endurgreiðslugetu umsækjanda. Aðeins skal veita lán þegar ljóst er að umsækjandi muni geta staðið í skilum með afborganir af því.

Skilyrði fyrir lánveitingu er að umsækjandi veiti skriflegt samþykki fyrir reglulegri skuldfærslu fyrir afborgunum lánsins af reikningi sínum.

V. kafli

Málsmeðferð

Sbr. ákvæði stjórnisýslulaga, nr. 37/1993, og ákvæði XV. og XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga

26. gr.

Könnun á aðstæðum

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um fjárhagsaðstoð hefur borist. Sama á við ef upplýsingar berast um nauðsyn á aðstoð með öðrum hætti. Starfsmenn skóla- velferðarþjónustu skulu taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er, og sjá jafnframt til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

27. gr.

Samvinna við umsækjanda

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er, en að öðrum kosti við umboðsmann hans. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu vottuðu umboði.

28. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga sem leita eftir fjárhagsaðstoð skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

29. gr.

Leiðbeiningar til umsækjanda

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður bjóða umsækjanda félags- og fjárhagslega ráðgjöf og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi hans að öðru leyti. Berist skriflegt erindi sem ekki snertir starfsvið skóla- og velferðarþjónustunnar, skal starfsmaður í samráði við umsækjanda framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem auðið er.

30. gr.

Niðurstæða og rökstuðningur synjunar

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til laga um félagslega þjónustu sveitarfélaga og reglna sveitarfélagsins um fjárhagsaðstoð.

31. gr.

Rangar eða villandi upplýsingar

Fjárhagsaðstoð veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær er ávallt endurkræf. Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar.

32. gr.

Ákvarðanataka samkvæmt reglum þessum

Með reglum þessum veitir Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshings starfsmönnum skóla- og velferðarþjónustu Árneshings heimild til að taka ákvarðanir um fjárhagsaðstoð samkvæmt reglum þessum.

Sé umsókn um fjárhagsaðstoð synjað, skal það tilkynnt umsækjanda skriflega og skulu forsendur synjunar rökstuddar.

Starfsmenn skulu kynna umsækjanda ákvarðanir sem teknar eru samkvæmt reglum þessum með tryggilegum hætti þannig að ávallt liggja fyrir hvenær umsækjanda var kunnugt um ákvörðun Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings.

Starfsmenn skulu einnig kynna umsækjanda rétt hans til málskots til Skólaþjónustu- og velferðarnefndar, vilji hann ekki una ákvörðun starfsmanna sem og um málskotsfrest. Um málskot vísast til 32. gr. og 33. gr. reglna þessara.

33. gr.

Málskot til Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árneshings

Umsækjandi getur skotið ákvörðun starfsmanna og teymisfunda Skóla- og velferðarþjónustu til skólaþjónustu- og velferðarnefndar til endurskoðunar. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun starfsmanna eða afgreiðslufunda. Málskot til skólaþjónustu- og velferðarnefndar frestar ekki framkvæmd hinnar kærðu ákvörðunar nema nefndin ákveði annað.

Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshings skal fjalla um kæruefni og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Nefndin skal kynna umsækjanda ákvarðanir sínar, rétt til málskots til úrskurðarnefndar velferðarmála og málskotsfrest með tryggilegum hætti.

34. gr.

Málskot til úrskurðarnefndar velferðarmála

Umsækjandi getur skotið ákvörðunum Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árneshings til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því að viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun skólaþjónustu- og velferðarnefndar.

Málskot til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki framkvæmd hinnar kærðu ákvörðunar nema nefndin ákveði annað.

Úrskurðarnefnd velferðarmála fjallar um eftirtalin atriði, sbr. 64. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991:

- Málsmeðferð, sbr. XVI. kafla laga nr. 40/1991.
- Rétt til aðstoðar samkvæmt IV. kafla laga nr. 40/1991.
- Greiðslur fjárhagsaðstoðar aftur í tímann, sbr. 3. mgr. 21. gr. I. nr. 40/1991.

35. gr.


Gildistaka

Reglur þessar eru settar með vísan til 10. og 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Reglur þessar, eru byggðar á leiðbeiningum velferðarráðuneytisins og taka gildi 1. janúar 2018.


Reglur þessar voru samþykktar í Velferðarnefnd Árneshöfna 24. október 2017 og vísað til bæjar- og sveitastjórna til staðfestinga.

Staða helstu málaflokka velferðarþjónustu janúar- september 2017.




Fjárhagsaðstoð



Skipting fjárhagsaðstoðar eftir mánuðum:



Skipting fjárhagsaðstoðar eftir aldri og kyni notenda:




Hér fyrir neðan kemur fram staða fjárhagsaðstoðar skv. fjárhagsáætlun 2017 skipt eftir sveitarfélögum:

(Ath. skv. fjárhagsáætlun ætti að vera búð að nýta 75% af fjármagni).

| Fjárhagsaðstoð | Nýting hlutfalls skv. fjárhagsáætlun | undir/ yfir fjárhagsáætlun |
|--------------------------|--------------------------------------|----------------------------|
| Hveragerði | 78% | 3% |
| Sveitarfélagið Ölfus | 50% | 25% |
| Bláskógabyggð | 17% | 58% |
| Flóahreppur | 152% | 77% |
| Grímsnes og Grafningshr. | 11% | 64% |
| Hrunamannahreppur | 0% | 100% |
| Skeiða- og Gnúpverjahr. | 0% | 100% |

Eins og sjá má á töflunni hér fyrir ofan að þá hefur þeim sem þurfa á fjárhagsaðstoð að halda fækkað mikið og í flestum sveitarfélögum er kostnaður undir fjárhagsáætlun. Hveragerði sker sig þar úr. Helstu skýringar á því eru að mun hærra hlutfall en áður hefur sést fékk aðstoð við fyrirframgreiðslu húsaleigu til að geta tryggt sér öruggt húsnæði á leigumarkaði.


Barnavernd



Á grafinu hér fyrir ofan eru tilgreint ný mál sem fóru í könnun. Í 4 málum var metið að ekki þyrfti að hefja könnun og tilkynnt var í 38 málum sem voru nú þegar í vinnslu.

Fjöldi mála í vinnslu eftir starfsstöðvum

Hér fyrir neðan má sjá fjöldi mála í vinnslu hjá félagsráðgjöfunum. Hveragerði var með 18 mál opin frá síðasta ári og svo bættust við mál sem fóru í könnun á þessu ári. Laugarás var með 11 mál opin frá fyrra ári og Sveitarfélagið Ölfus með 11 mál.



Hér fyrir neðan kemur fram staða barnaverndar skv. fjárhagsáætlun 2017 skipt eftir sveitarfélögum.


(Ath. skv. fjárhagsáætlun ætti að vera búð að nýta 75% af fjármagni).

| Barnavernd | Nýting hlutfalls skv. fjárhagsáætlun | undir/ yfir fjárhagsáætlun |
|--------------------------|--------------------------------------|----------------------------|
| Hveragerði | 86% | 11% |
| Sveitarfélagið Ölfus | 86% | 11% |
| Bláskógabyggð | 0% | 100% |
| Flóahreppur | 0% | 100% |
| Grímsnes og Grafningshr. | +100% | +100% |
| Hrunamannahreppur | 0 | 100% |
| Skeiða- og Gnúpverjahr. | 0 | 100% |


Heimaþjónusta

Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir heimaþjónustu eftir sveitarfélögum:

Bláskógabyggð




Flóahreppur




Grímsnes- og Grafningshreppur




Hrunamannahreppur




Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Hveragerði



Sveitarfélagið Ölfus



Hér fyrir neðan kemur fram staða heimaþjónustu skv. fjárhagsáætlun 2017 skipt eftir sveitarfélögum:

(Ath. skv. fjárhagsáætlun ætti að vera búið að nýta 75% af fjármagni).

| Heimaþjónusta | Nýting hlutfalls skv. fjárhagsáætlun | undir/ yfir fjárhagsáætlun |
|--------------------------|--------------------------------------|----------------------------|
| Hveragerði | 69% | 6% |
| Sveitarfélagið Ölfus | 77% | 2% |
| Bláskógabyggð | 57% | 18% |
| Flóahreppur | 38% | 37% |
| Grímsnes og Grafningshr. | 41% | 34% |
| Hrunamannahreppur | 83% | 8% |
| Skeiða- og Gnúpverjahr. | 53% | 22% |

Helstu upphæðir og gjaldskrá 2018.

Fjárhagsaðstoð

Fjárhagsaðstoð sem við höfum veitt skv. reglum Skólaþjónustu- og velferðarnefndar hafa verið með þeim lágstu á landinu. Lagt er til að hækka Grunnfjárhæð um 4/8% og að sama skapi lækka fjárhæð til þeirra sem búa í foreldrahúsum.

| | 2017 | 2018 |
|---|---------|---------|
| Grunnfjárhæð (1,0) | 144.635 | 150.000 |
| Búa í foreldrahúsum (0,45) | 72.318 | 67.500 |
| Hafa kostnað af húsnæði án þinglýsts húsaleigusamnings (0,8) | 112.169 | 120.000 |
| Grunnfjárhæð hjóna (1,6) | 231.415 | 240.000 |
| Akstur pr. km.* | 31.34 | 31.34 |

*fylgir gjaldskrá Sí

Stuðningsfjölskylda Barnavernd

Greiðslur vegna stuðningsfjölskyldna í barnavernd hafa hækkað lítið undanfarin ár. Erfiðlega hefur gengið að fá fólk til að sinna þessari þjónustu. Fyrir eina helgi hjá stuðningsfjölskyldu höfum við greitt kr. 23.830. Algengast er að sveitarfélög hafi greitt fyrir eina helgi sem jafngildir mánaðargreiðslur barnalífeyrir eða kr. 32.530. Lagt er til að greiðslu verði hækkað úr 23.830 í 32.530 fyrir helgarvistun.

Stuðningsfjölskylda málefni fatlaðs fólks

Þjónusturáð Suðurlands leggur til að stuðningsfjölskyldur hækki umtalsvert því erfitt hefur verið að fá stuðningsfjölskyldur til starfa fyrir börn með fötlun. Þetta er mikilvæg þjónusta sem léttir álagi á fjölskyldum fatlaðra barna.

| | Greiðslur á sólarhring | | hækkun |
|-----------|------------------------|--------|--------|
| | 2017 | 2018 | |
| 1.flokkur | 17.503 | 26.000 | 0,67 |
| 2.flokkur | 13.811 | 23.000 | 0,60 |
| 3.flokkur | 11.422 | 18.000 | 0,63 |

Heimaþjónusta þrif

Viðmiðunartekjur í gjaldskrá eru reiknaðar út samkvæmt lífeyrissjóðsgreiðslum. Þeir sem eingöngu eru með tekjur frá Tryggingastofnun greiða ekkert fyrir heimaþjónustu.

| | 2017 | 2018 | hækkun |
|--------------------|---------|---------|--------|
| Lægra gjald | kr. 505 | kr. 520 | 0,27 |
| Hærra gjald | kr. 765 | kr. 785 | 0,27 |